



Stjórnarfundur í Þyt 27 febrúar 2018

Mættir: Gunnar Geir, Árni Geir, Árni Þór, Sindri, Hörður Páll og Karitas.

1. Stjórn skiptir með sér verkum. Formaður lagði fram tillögu að verkaskiptingu innan stjórnar. Tillaga formanns var samþykkt.
2. Farið yfir verkefnalista og verkefni rædd. Skýjaborgin rædd sérstaklega. Fram kom að áætlaður kostnaður við að ljúka uppgerð hennar er 500 þús. kr.
3. Aðgangsmál rædd og sindra falið að kaupa lás fyrir dyr að verkstæðiskompu.
4. 4. Rædd þvottavélarmál og fl. Athuga þarf hvort ekki þarf að kaupa myntloka á þvottavélina.
5. Gjaldkeri gerði grein fyrir fjárhagsstöðu og greiddum reikningum.
6. Rædd bryggju- og geymslugjöld.
7. Formaður lagði fram hugmyndir að nefndastarfi innan klúbbsins.
8. Formaður ræddi gerð ráðningarsamninga fyrir starfsmenn í sumar. Ræddi einnig hvatakerfi og launakjör.
9. Rædd æfingargjöld. Ef auka á gæði æfinganna þarf að hækka gjaldið.
10. Félagsgjöld rædd og innheimta. Samþykkt að hefja útsendingu vegna innheimtu félagsgjalda fyrir árið 2018.
11. Rætt gjald fyrir aðgangskort. Sindri lagði fram drög að reglum og samningi um aðgangskort. Málið rætt og samþykkt að kortagjald fylgi félagsgjaldi eða sé greitt í gegn um Nóra. Rætt um mögulega notkun lykilorða.

Siglingaklúbburinn Þyrtur 19. apríl 1975